

## Stjórnarfundur TSÍ 19. nóv. 2007

Mættir voru: Skjöldur, Raj, Ingólfur, Jónas, Hafsteinn, Gunnar

+ Skjöldur ræddi tiltekt á skrifstofum sérsamanda ÍSÍ. Málið reyndar í sæmilegum horfum hjá TSÍ en hann ætlar að fara yfir skrifstofuna og hvetur aðra til þess sama.

+ Formannafundur er framundan. Skjöldur ætlar að halda þeim málstað á lofti sem fyrr að litlu samböndunum sé gert hærra undir höfði en menn hafi haft hug á. Ljóst sé að það yrði bylting fyrir ýmis sambömd að fá starfsmann. Það myndi lyfta starfseminni á hærra plan og allt yrði faglegra og tækifærin fleiri. Nefndi einnig að þetta kæmi fram á síðum dagblaðsins 24. Stundir, á næstu dögum þar sem sami áróður verði væntanlega í gangi.

+ Tennismótin hafa gengið mjög vel segir Raj. Dagskrá hefur verið skýr og klár og svo virðist sem mótaröðin ætti að verða hreyfingunni til framdráttar.

+ Rædd voru styrkjámál vegna ársins 2008.

- Sótt verður um í afrekssjóði fyrir Arnar Sigurðsson
- Úr sjóði ungra og efnilegra 15-18 ára verður sótt um fyrir Söndru Dís Kristjánsdóttur og Birki Gunnarsson. Raj og Gunnar nefndu að efnilegasta yngra fólk ið 12-14 ára ætti líka að koma til greina. Raj ræðir það við Andra hjá ÍSÍ.
- Verkefnasjóður. Jónas sækir um útbreiðslustyrk fyrir skólakynningar og Raj um þjálfarastyrk
- Afrekskvennasjóður Glitnis. Sótt um fyrir Söndru Dís Kristjánsdóttur.

+ Aftur fór fram umræða um væntanlegan starfsmann TSÍ og ætlar Jónas að dusta rykið af hugleiðingum sínum og áætlunum þess efnis. Skjöldur mun skýra frá því sem gerist á formannafundinum og menn vonast til að málið fari að þokast í rétta átt. Ljóst era ð styrkur sésambandanna mun hækka á næstu árum en meira þarf til að launaður starfsmaður TSÍ geti orðið að veruleika.

+ Önnur mál. Menn ræddu í sambandi við regluna um kappleiki hvað telst tennisleikur ? Ljóst er að ungu krakkarnir spila kannski eitt sett en þeir eldri 2-3 sett. Málið var ekki klárað.

+ Skjöldur mun boða næsta fund

Gunnar Finnjörnsson ritari

